

Jónsmessunefnd

14. janúar 2026

Teams

Mætt: Aðalsteinn Þorsteinsson, Arnar Þór Sævarsson, Guðni Geir Einarsson, Hermann Sæmundsson, Jóhanna Sigurjónsdóttir, Jón Björn Hákonarson, Marta Guðrún Skúladóttir. Auk þess sátu fundinn undir 1. lið Esther Finnbogadóttir og Högni Haraldsson frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Óttar Guðjónsson frá Lánasjóði sveitarfélaga, Íris Huld Chrustersdóttir frá fjármála- og efnahagsundir undir 2.lið, og Bryndís Gunnlaugsdóttir undir 4. lið. Saga Guðmundsdóttir og Þórdís Sveinsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sátu jafnframt allan fundinn.

1. Leiðir til að lækka lánaðjör sveitarfélaga

Esther Finnbogadóttir og Högni Haraldsson frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu kynntu stefnu ríkisins í lánamálum. Umræða um mögulegar leiðir til að lækka lánaðjör sveitarfélaga og hins opinber í heild og hvort sveitarfélögin geti nýtt eitthvað úr lánastefnu ríkisins til að lækka eigin lánaðjör.

2. Aðgerðaáætlun stefnu um opinbera þjónustu

Íris Huld Chrustersdóttir frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu kynnti stefnu um opinbera þjónustu og næstu skref varðandi samráð og undirbúning aðgerðaráætlunar. Stefnan og aðgerðaáætlunin verður áfram unnin í góðu samstarfi ríkis og sveitarfélaga.

3. Mögulegur flutningur málefnis vatnsveitu sveitarfélaga frá innviðaráðuneyti til umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytis

Stutt umræða vegna erindis frá Samorku þar sem ofangreint er lagt til. Innviðaráðuneytið hefur óskað eftir formlegri afstöðu Sambandsins um málið. Næstu skref verða rædd á fundi beggja ráðuneyta, forsætisráðuneytisins og Sambandsins.

4. Kynning á sameiginlegu kosningaátaki Sambandsins og IRN fyrir sveitarstjórnarkosningar.

Bryndís Gunnlaugsdóttir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga kynnti sameiginlegt kosningaátak fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar. Sambandið og innviðaráðuneytið munu senda frá sér sameiginlega fréttatilkynningu um kosningaátakið en átakið fer af stað á næstu dögum.